

MARGARET ATWOOD

Er ég vondur femínisti?

Inngangur að þýðingu

Greinin sem hér fer á eftir á sér nokkra forsögu – og raunar eftirköst líka. Höfundurinn er kanadíska fræðikonan og rithöfundurinn Margaret Atwood, einn fremsti höfundur samtímans, en tilefnið eru atburðir sem áttu sér stað í kanadískum háskóla fyrir fáum árum.

Í nóvember 2015 tilkynntu yfirvöld Háskólans í Bresku-Kólumbíu að Steven Galloway, forstöðumaður ritlistardeildar skólans og þekktur rithöfundur, hefði verið leystur tímabundið frá störfum vegna „alvarlegra ásakana“. Ekki var tilgreint hvers eðlis þessar ásakanir væru en gefið í skyn að málið snerist um kynferðisofbeldi af einhverju tagi. Galloway fékk þó ekki að vita hvað hann var sakaður um og var jafnframt meinað að tjá sig um málið. Í kjölfarið var Mary Ellen Boyd, fyrrum dómara við hæstarétt Bresku-Kólumbíu, falið að rannsaka ásakanirnar og eftir að hún skilaði skýrslu sinni til háskólayfirvalda var Galloway sagt upp störfum í júní 2016 á grundvelli „trúnaðarbrests“ án þess þó að staðfest væri hvort ásakanirnar gegn honum ættu við rök að styðjast eður ei. Skýrsla dómarans var ekki gerð opinber og háskólinn upplýsti ekki um niðurstöður hennar.

Í október 2016 birtist síðan opið bréf til Háskólans í Bresku-Kólumbíu, undirritað af fjölmörgum rithöfundum og áhrifafólki í kanadísku bókmenntalífi, þ.á m. Margaret Atwood, þar sem málsmeðferð háskólans er harðlega átalín og þess krafist að óháð rannsókn fari fram á málinu öllu. Þetta opna bréf olli miklum hræringum meðal kanadískra femínista og bókmenntafólks og segja má að það hafi með nokkrum hætti klofið kanadískan bókmenntaheim í herðar niður. Undirskriftum var safnað gegn bréfinu og aðstandendur þess sakaðir um að sýna þolendum kynferðisofbeldis lítillsvirðingu – og sumir drógu raunar undirskriftir sínar til baka.

Í ársbyrjun 2018 birtist svo eftirfarandi grein Atwood í dagblaðinu *The Globe and Mail* í Toronto – en í millitíðinni hafði þrennt gerst sem máli skiptir:

Í fyrsta lagi höfðu ýmis atriði úr skýrslu Mary Ellen Boyd lekið í fjölmiðla, m.a. sú niðurstaða hennar að ásakanir á hendur Steven Galloway um kynferðisofbeldi væru tilhæfulausar; í annan stað hækkaði frægðarsól Atwood til muna vorið 2017 þegar sýningar hófust á rómuðum sjónvarpsþáttum byggðum á sögu hennar, *The Handmaid's Tale*; og loks komst #MeToo-hreyfingin á flug á Netinu þá um haustið. Þessi grein hefur því ekki síður vakið viðbrögð og flokkadrætti en opna bréfið 2016 og umræðan hefur breiðst út fyrir landamæri Kanada.

Ritstjórar og þýðandi

Ég er víst „vondur femínisti“. Ég get bætt því við aðrar sakir sem ég hef verið borin síðan 1972, eins og það að ég hafi klifið til frægðar upp eftir píramída úr afhögnum höfðum karla (vinstrisinnað tímarit), að ég sé drottunarkvendi og staðráðin í að brjóta karlkynið á bak aftur (hægri-sinnað rit, meira að segja með teikningu af mér í leðurstígvélum með svipu) og að ég sé ófeti sem geti – með galdramætti hvítrar nornar – tortímt hverjum þeim sem gagnrýnir mig við kvöldverðarborð í Toronto. Svona er ég skelfileg! Og nú lítur út fyrir að ég sé komin í stríð við konur, eins og vænta mátti af kvenhatandi nauðganamangara og vondum femínista eins og mér.

Hvernig skyldi góður femínisti líta út í augum ákæranda minna?

Grunnafstaða mín er sú að konur séu mannverur, færar um allan þann skala fráframar og fólkskulegrar breytni sem því fylgir, þar með talið glæpa-verk. Þær eru ekki englar sem ekkert rangt geta gert. Ef svo væri þyrftum við ekkert réttarkerfi.

Ég er heldur ekki þeirrar skoðunar að konur séu börn, ófærar um að taka frumkvæði eða siðferðilegar ákvarðanir. Ef það væri svo, værum við komin aftur á 19. öldina og konur gætu hvorki átt eignir, notað kreditkort, stundað háskólanám, stjórnað barneignum sínum né kosið. Í Norður-Ameríku eru valdamiklir hópar sem stefna í þessa átt en þeir eru yfirleitt ekki taldir til femínista.

Þar að auki álit ég að til þess að konur geti notið borgararéttinda og mannréttinda verði borgara- og mannréttindi að vera til staðar yfirleitt, þar á meðal grundvallarréttarkerfi, alveg eins og það er forsenda kosningaréttar kvenna að almennur kosningaréttur sé til. Álíta góðir femínistar að einungis konur eigi að hafa slík réttindi? Það er óhugsandi. Það væri bara viðsnúningur á gamla fyrirkomulaginu þar sem karlarnir sátu einir að þeim rétti.

Gerum þá ráð fyrir að góðu femínistarnir sem ásaka mig og ég, vondi femínistinn, getum sammælt um ofangreind atriði. Hvar greinir okkur á? Og hvernig komst ég í þetta klandur gagnvart góðu femínistunum?

Í nóvember 2016 skrifaði ég undir opið bréf undir yfirskriftinni *UBC Accountable* – rétt eins og ég hef af prinsípástæðum skrifað undir marga aðra undirskriftalista. Í þessu bréfi var kallað eftir því að Háskólinn í Bresku-Kólumbíu (UBC) axlaði ábyrgð á því að í meðferð sinni á máli Stevens Galloway, fyrrverandi deildarformanns ritlistardeildar, brást háskólinn hrapallega og það sama má segja um meðferð hans á þeim sem gerðust meðkærendur í málinu. Málavextir voru þeir að fyrir nokkrum árum gerði háskólinn málið opinbert í fjölmiðlum áður en rannsókn hafði farið fram og meira að segja áður en sá sem borinn var sökum fékk að vita nákvæmlega hverjar sakargiftirnar voru. Áður en hann fékk að vita það varð hann að skrifa undir trúnaðarsamning. Almennigur – ég meðtalin – sat uppi með þau hughrif að þessi maður væri ofbeldisfullur raðnauðgari og öllum var frjálst að ráðast opinberlega á hann því að samkvæmt samningnum sem hann undirritaði var honum meinað að taka til varna. Fúkyrðahríðin lét ekki á sér standa.

En síðan, eftir rannsókn dómara sem stóð mánuðum saman, þar sem skýrslur voru teknar af fjölda vitna, sagði dómarrinn að það hefði ekkert kynferðisofbeldi átt sér stað, ef marka má yfirlýsingu frá Galloway sem lögmaður hans birti. Starfsmaðurinn var rekinn engu að síður. Það vakti furðu allra, líka mína. Starfsmannafélag háskólans lagði fram kæru sem enn er til meðferðar og meðan svo er fær almennigur ekki aðgang að skýrslu dómarsins eða rökstuðningi hennar út frá framlögðum sönnunargögnum. Sumu fólki mislíkaði sýknudómurinn. Það hélt árásunum áfram. Það var um þetta leyti sem það fór að spyrjast út hversu gölluð málsmeðferð háskólans hafði verið og opna bréfið *UBC Accountable* varð til.

Nú myndi sanngjörn manneskja stilla sig um að dæma um sekt eða sakleysi þar til skýrslan og sönnunargögnin lægju fyrir. Við erum fullorðið fólk. Við getum gert upp hug okkar á þennan veginn eða hinn. Þetta hefur alltaf verið afstaða þeirra sem skrifuðu undir opna bréfið. Þau sem gagnrýna mig eru á öðru máli því þau eru þegar búin að gera upp hug sinn. Eru þessir góðu femínistar sanngjarnt fólk? Ef svo er ekki, þá eru þau bara að ala á þeirri ævagömlu bábilju að konur séu ófærar um sanngirni eða yfirvegaða dómgreind, og um leið að gefa andstæðingum kvenna enn eina átyllu til að halda þeim frá áhrifastöðum í heiminum.

Útúrdúr: Nornatal. Annað atriði sem mér er fundið til foráttu er að ég þar málsmeðferð UBC saman við nornaréttarhöldin í Salem, þar sem hver sá sem ákærður var taldist sekur af því að reglur um sönnunarfærslu voru þannig að sýknudómur var ómögulegur. Góðu femínistarnir sem ásaka mig telja þetta forkastanlegan samanburð. Þær halda að með þessu hafi ég verið að bera þær saman við nornaveiðara á táningsaldri í Salem og þar með að kalla þær hysterískar smástelpur. Ég var hins vegar að vísa til fyrirkomulags sjálfra réttarhaldanna.

Nú um stundir er tal um „nornir“ af þrennu tagi: 1) Að kalla einhvern norn, eins Hillary Clinton fékk óspart að kenna á í nýlegum kosningum. 2) „Nornaveiðar“ er haft um það þegar einhver leitar að því sem ekki er til. 3) Fyrirkomulag nornaréttarhaldanna í Salem, þar sem ákæra nægði til sakfellingar. Það var þessi þriðja notkun sem ég átti við.

Þetta fyrirkomulag – sekur vegna ákæru – hefur verið við lýði á mörgum öðrum skeiðum mannkynssögunnar en í Salem. Það hefur gjarnan orðið ofaná á þeim skeiðum byltinga sem kenna má við „ógn og dyggð“ – eitthvað hefur farið úrskaiðis og það þarf að hreinsa út, eins og í frönsku byltingunni, í hreinsunum Stalíns í Sovétríkjunum, á tímabili rauðu varðliðanna í Kína, á valdatíma herforingjanna í Argentínu og í upphafi byltingarinnar í Íran. Listinn er langur og bæði vinstri og hægri öfl hafa átt hlut að máli. Áður en skeiði „ógnar og dyggðar“ lýkur eru býsna margir fallnir í valinn. Athugið að ég er ekki að halda því fram að það séu ekki til neinir svikarar, eða hvaða hópur það nú er sem spjótin beinast að; heldur einfaldlega að á slíkum tímum eru venjulegar reglur um sönnunarfærslu settar til hliðar.

Slíkt er alltaf gert í nafni þess að innleiða betri heim. Stundum heppnast það, að minnsta kosti um stundarsakir. Stundum er þetta notað sem átylla til að koma á kúgun af nýju tagi. Hvað varðar sjálfþökuréttarfar – sakfellingingu án dóms og laga – þá byrjar það sem viðbragð við skorti á réttlæti. Annaðhvort er réttarkerfið spillt, eins og í Frakklandi fyrir byltinguna, eða það fyrirfinnst ekkert kerfi, eins og í villta vestrinu – svo að fólk tekur málin í eigin hendur. En skiljanlegt og tímabundið sjálfþökuréttarfar getur ummyndast í menningarlega fastmótaða hefð fyrir múgaftökum þar sem tiltæku réttarfari er kastað út og valdakerfum utan dóms og laga komið á og þeim viðhaldið. Cosa Nostra, mafían á Sikiley, byrjaði til dæmis sem andóf gegn pólitískri harðstjórn.

#MeToo-hreyfingin er til marks um veilu í réttarkerfinu. Alltof oft

fengu konur og önnur fórnarlömb kynferðisofbeldis ekki sanngjarna málsmeðferð hjá stofnunum – og þá eru stórfyrirtæki ekki undanskilin – svo þær tóku í þjónustu sína nýtt verkfæri: Internetið. Stjórnur hröpuðu af himni. Þetta hefur reynst afar áhrifaríkt og vakið okkur rækilega til umhugsunar. En hvað svo? Það er hægt að lagfæra réttarkerfið, ella gæti samfélagið látið það lönd og leið. Stofnanir, fyrirtæki og vinnustaðir geta gert hreint fyrir sínum dyrum, annars mega þau búast við að fleiri stjórnur hrapi og fjöldinn allur af smástirnum að auki.

Ef réttarkerfið er lagt til hliðar af því að það þykir ekki skilvirkt, hvað tekur þá við? Hverjir munu þá miðla valdinu? Ekki verða það vondir femínistar eins og ég. Hvorki hægri né vinstri öflin kæra sig um okkur. Á öfgafullum tímum verða öfgamennirnir ofan á. Hugmyndafræði þeirra verður að trúarbrögðum, litið er á hvern þann sem ekki bergmálar skoðanir þeirra sem trúniðing, villutrúarmann eða svikara og hófsömum miðjumönnum er tortímt. Skáld eru sérstaklega viðsjárverð því þau skrifa um mannfólk og fólk er siðferðilega margrætt. Markmið hugmyndafræðinnar er að útrýma margræðni.

Opna bréfið *UBC Accountable* er líka til marks um veilu – veilu hjá Háskólanum í Bresku-Kólumbíu og í málsmeðferð hans. Borgararéttindasamtök í Bresku-Kólumbíu og á landsvísu hefðu átt að láta málið til sín taka. Kannski taka þau við sér núna. Ekki síst af því að nú er farið að tala um ritskoðun í tengslum við þetta bréf – það er kallað eftir því að vefsíðunni verði eytt og með henni mörgum og ígrunduðum orðum bréfrítaranna – kannski kanadíski PEN-klúbburinn, alþjóðlegi PEN-klúbburinn, Kanadíska blaðamannasamtökin um tjáningarfrelsi (e. *CJFE*) og Ritskoðunarvaktin (e. *Index on Censorship*) hafi líka eitthvað um þetta að segja.

Í bréfinu sagði frá upphafi að UBC hefði brugðist bæði þeim ákærða og karendunum. Ég myndi bæta því við að háskólinn hefði brugðist skattgreiðendum sem árlega leggja honum til um 600 milljónir dollara. Við vildum gjarnan fá að vita hvernig fjármunum okkar var varið þarna. Styrktaraðilar UBC – en háskólinn fær milljarða dollara í framlögum frá einkaaðilum – eiga einnig rétt á að vita þetta.

Í þessu máli öllu hefur rithöfundum verið att saman, ekki síst með því að afbaka efni bréfsins og ófrægja það sem stríð gegn konum. En nú skora ég á alla – jafnt góða femínista og vonda femínista eins og sjálfa mig – að láta af ófrjóu argaþrasi, taka höndum saman og beina kastljósinu þangað

sem það átti alltaf að skína – á UBC. Tveir meðkærendanna eru nú búnir að fordæma hvernig UBC hefur haldið á málinu. Fyrir það eiga þær þakkar skildar.

Þegar UBC hefur komið af stað sjálfstæðri rannsókn á eigin gjörðum – í líkingu við þá sem nýlega var framkvæmd í Wilfrid Laurier-háskólanum – og hefur heitið að gera niðurstöðurnar opinberar, verður vefsíðan *UBC Accountable* búin að þjóna tilgangi sínum. Það var aldrei tilgangur hennar að traðka á konum. Af hverju er látið í veðri vaka að ábyrgð og gegnsæi séu andstæð kvenréttindum?

Stríð meðal kvenna, fremur en stríð gegn konum, er alltaf ánægjuefni fyrir þá sem ekki vilja konum vel. Þetta er afar mikilvægt augnablik. Ég vona að því verði ekki sólundað.

[Birtist í *The Globe and Mail* í Toronto 13. janúar 2018]

Aðalsteinn Eyþórsson þýddi

MARGARET ATWOOD

Skáld og rithöfundur

AÐALSTEINN EYÞÓRSSON

Íslenskufraeðingur

adalsteinn.e@gmail.com